

Alþingi

Erindi nr. P/13/309

Félag íslenskra rithöfunda.

komudagur 7/1 1991

Reykjavík 3. janúar 1991

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis
b.t. Þorsteins Magnússonar nefndarritara.

Félagi íslenskra rithöfunda barst í byrjun desember bréf frá menntamálanefnd neðri deildar Alþingis, undirritað af Ragnari Arnalds formanni nefndarinnar. Farið var fram á umsögn um 139. mál, Frumvarp til laga um listamannalaun. Stjórn Félags íslenskra rithöfunda þakkar bréfið og fer umsögn þess hér á eftir:

Í 4. grein frumvarpsins stendur: Þriggja manna stjórn listamannalauna o.s.frv. Þessa stjórn eiga að skipa samkvæmt frumvarpinu menntamálaráðherra, Bandalag íslenskra listamanna og Háskóli Íslands, eða Listaháskóli ef stofnaður verður.

Með þessu fyrirkomulagi er verið að taka úthlutun fjár til listamanna úr höndum almannavaldsins, þ.e. kjörnum fulltrúum Alþingis og fá það í hendur aðilum sem engin ástæða er til að ætla að listamenn sætti sig við. Áður er fengin reynsla af því að færa úthlutanir frá almannavaldinu, þ.e. Alþingi í hendur einstakra stofnana.

Það eru eindregin tilmæli að þrjár fulltrúar, sem annast úthlutun og sitja í stjórn Listasjóðs verði kjörnir af Alþingi til fjögurra ára í einu.


Í 13. grein er kveðið á um að menntamálaráðherra setji nánari reglugerð um úthlutanir úr sérgreindum sjóðum að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands o.s.frv. Að fenginni reynslu er ótækt að haft verði samráð við Rithöfundasambandið eitt. Félag íslenskra rithöfunda mun aldrei samþykkja slíka tilhögun. Til skýringar skal þess getið, að Rithöfundasamband Íslands hefir nýlega gert tilraun til þess að svifta rithöfunda í Félagi íslenskra rithöfunda höfundrrétti. Samráð við Rithöfundasambandið eitt mundi þýða framhald þeirrar stefnu. Þá hefir Rithöfundasambandið verið einrátt um úthlutun úr Launastjóði rithöfunda með þeim árangri að sömu sex eða sjö höfundar hafa verið þar á föstum launum frá ári til árs. Sjóðurinn var ekki stofnaður til þess. Sé hins vegar meiningin að haga breyttum lögum þannig, að slík úthlutun haldi áfram með samráði við aðeins annað höfundafélagið, höfum við lítið um málið að segja. Við bendum hins vegar á að stjórn Listasjóðs, sem kosin er af Alþingi á að úthluta öllu fé til listamanna. Engin ástæða er til að undanskilja starfslaun, enda hefir reynslan sýnt að einrátt félag á borð við Rithöfundasamband Íslands ræður ekki við slíka úthlutun.

Félag íslenskra rithöfunda varar við frumvarpinu óbreyttu. Þær þjóðfélagsbreytingar hafa orðið í Evrópu að undanfögnu, að ekki ætti lengur að sjást sú tilraun, sem gerð er í frumvarpinu, til að einoka þá fjármuni, sem veittir eru af almannafé til lista, og allt of lengi hefir viðgengist hér á landi, m.a. í pólitísku

Félag íslenskra rithöfunda treystir því að
menntamálanefnd neðri deildar Alþingis taki ofangreind
sjónarmið til greina.

Virðingarfyllt

Félag íslenskra rithöfunda


Sveinn Sæmundsson, formaður.